



Fundargerð 16. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 11. nóvember 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Linda Karlsdóttir (LK), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS),

Mættir varamenn: Andri Már Sveinsson (AMS), Páll Jónsson (PJ),

Fjarverandi:, Baldvin Hansson (BH),

Ari Halldór Hjaltason (AHH), Ásta Sigurðardóttir (ÁS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

JPJ ritaði fundargerð

- **Staðfesta keppnisgreinareglur**

Búið er að birta nýjar keppnisgreinareglur á heimasíðu AKÍS. Stjórn á eftir að staðfesta þær á stjórnarfundi. Þetta eru keppnisgreinar - Kappakstri, tímaati og spyrnu.

Stjórn staðfestir áður birtar reglur.

- **Fundargerð Halldóri Jóhannssyni sem situr í FIA Drift ráði**

[Fundargerð](#)

Fundargerð FIA drift Commission lögð fram til kynningar.

- **Keppnisráð**

AÍH missir sinn mann út úr keppnisráði í Hringakstri þar sem keppni hefur ekki verið haldin þar í 2 keppnistímabil. Samkvæmt grein 1.8 í reglugerð um keppnisráð.

Stjórn felur starfsmanni að leita að aðila í keppnisráð í Hringakstri og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

Drift ráð hefur óskað eftir að fá aðila skipaðan frá AKÍS. Nafn kom frá keppnisráði um að skipa Sigmar Freyr Halldórsson sem fulltrúa AKÍS.

Stjórn samþykkir að skipa Sigmar í keppnisráð í Drifti.

- **Vörugjöld keppnistækja**

JPJ og BH áttu fund með Skattinum vegna tollamála. Fundinn sátu fyrir hönd Skattsins yfirtollvörður, Hörður Davíð Harðarson ásamt lögfræðing og sérfræðing á tollasviði. Farið var yfir

stöðuna sem að uppi er í dag og mögulegar breytingar sem að kunna að verða um áramót. Skatturinn telur engin vafamál vera til staðar er kemur að umsögnum sambandsins en að lagfæra megi lagaumhverfi og skýra það betur. Niðurstaða fundarins var að AKÍS og Skatturinn myndu taka upp þráðinn á nýju ári og vinna að sameiningu að lagfæringum á lögum og/eða reglugerð eftir atvikum, verði ákvæði um niðurfellingar á vörugjöldum á keppnistækjum enn til staðar yfir höfuð.

AKÍS hefur verið boðað á fund Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á fimmtudag kl 10:30. Formaður mun mæta þar ásamt fulltrúum ÍSÍ og tala máli sambandsins.

• Önnur mál

Mosfellsbær hefur óskað eftir tilnefningu til íþróttafólk ársins Kosið er um íþróttafólk sem á lögheimili í **Mosfellsbæ** og stundar íþrótt sem er innan ÍSÍ.

Menningar-, íþrótt- og lýðheilsunefnd Mosfellsbæjar mun leita álits hjá sérsamböndum ÍSÍ komi tvær eða fleiri tilnefningar frá sömu íþróttagrein.

Hægt er að tilnefna:

- Íþróttakonu ársins
- Íþróttakarl ársins
- Lið ársins
- Þjálfara ársins
- Sjálfboðaliða ársins

Stjórn hvetur tengda aðila til þess að skila inn tilnefningum til Mosfellsbæjar.

Til kynningar:

- *Erindi barst frá regluráði. Regluráð vil benda á að á fyrirhuguðu keppnisdagatali 2026 hefur Kvartmíluklúbburinn sett þrjár keppnir á dagskrá sem Íslandsmóti í jepparally (Hill Rally/Cross Country Rally). Keppnir undanfarin ár í Hill Rally hafa verið bikarkeppnir og ekki verið talin þörf á að setja sér keppnisgreinarreglur fyrir greinina. Nú þegar keppnir verða til Íslandsmeistara og keppnisflokkar eru þeir sömu og koma fyrir í keppnisgreinarreglum fyrir rally er nauðsynlegt að bregðast við. Rétt þykir að veita keppnisráði í rally aukinn frest til að skila keppnisgreinarreglum fyrir keppnisgreinina þó eigi síðar en 1. desember 2025.*

Frá starfsmanni:

- Slysaskrá er tilbúin
- Valnefnd um akstursíþróttafólk ársins voru þau Katrín María Andrésdóttir, Jóhann A Kristjánsson (JAK), Tryggvi M Þórðarson, Ari Halldór Hjaltason, Jakob Cecil Hafsteinsson.
- Mótakerfið er lokað eins og staðan er í dag þar sem er verið að vinna í að færa færsluhirðingu á mótakerfinu sú vinna fer vonandi að ljúka sem fyrst. Verkefni var meira en áætla mætti í fyrstu.



Næsti stjórnarfundur verður 2.desember, kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:49